



## Fundur í skólaráði Ártúnsskóla 2.2.2022

### Fundurinn var fjarfundur

Mættir: Ellen Gísladóttir skólastjóri, Páll Friðbertsson foreldri, Bárður Steinn Jóhannsson umsjónarmaður húsnæðis, Guðrún Lilja Stefánsdóttir og Bjartmar Lindberg Indriðason fulltrúar nemenda, Hólmfríður Bjargey Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri, Helga Snjólfsdóttir foreldri, Sesselja Guðmundsdóttir kennari, Bjarni Þórðarson foreldri og fulltrúi frá Tíunni, Þráinn Fannar Gunnarsson foreldri og formaður foreldrafélags skólans, Hanna Sóley Helgadóttir forstöðumaður frístundar og Guðrún Bára Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri.

1. Ellen fór yfir janúarmánuð sem einkenndist af forföllum og sóttkví barna og starfsmanna. Róðurinn var þungur en þetta er vonandi að ganga yfir. Í dag eru börnin að mæta vel en enn nokkur forföll í starfsmannahópnum af ýmsum ástæðum. Í dag í byrjun febrúar er staðan sú að Covid og skólastarf er með 50 nemenda takmörkunum í rými og við höfum þurft að láta einn árgang borða í sinni stofu. Takmarkanir í mötuneyti hafa verið aflagðar og nemendur munu allir borða á nýjan leik saman á matsal frá og með morgundeginum. Aðkomu foreldra í skólann er enn haldið í lágmarki og við reynum að blanda hópum sem allra minnst. Nemendur í frístund eru í tveimur hólfum eins og hefur verið meiri hluta vetrar.
2. Ellen sagði svo frá nýju reiknilíkani grunnskóla, sem ber heitið Edda. Hún fór yfir líkanið og útskýrði. Vonumst til að líkanið komi betur út fyrir skólann. Getur haft áhrif þar sem bekkjardeildir hjá okkur eru margar með í kringum 30 nemendur.
3. Ný þjónustumiðstöð Borgarmiðstöð Austur tók til starfa um áramót. Hún er staðsett í Gylfaglöt 5 í Grafarvogi. Þessi nýja miðstöð er sameinuð úr þjónustumiðstöðvum í Árbæ og Grafarvogi. Nýir yfirmenn og þjónustuaðilar að hluta. Stjórnendur hafa fengið stutta kynningu og fólk er enn að koma sér fyrir. Við erum jákvæð gagnvart þessum breytingum og hlökkum til komandi samstarfs.
4. Nýr sálfræðingur Laufey Dís Ragnarsdóttir er komin í starf með okkur í stað Karitasar sem fer nú í fæðingarorlof. Ellen sagði líka frá því að hjúkrunarfræðingur skólans hefur verið frá vegna veikinda síðan í október. Forföll fyrir hana hafa ekki verið mönnum vegna álags hjá heilsugæslunni.
  - a. Bjarni bætti við að breytingar eru líka hjá frístundastarfinu í borginni. Hann sagði okkur líka frá því að börn í ungmennaráði ætla á fund hjá borginni og þau óska eftir því að sálfræðingar verði í öllum skólum við störf alla daga.
5. Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs RVK 2022. Ellen var búin að senda á fulltrúa skólaráðs upplýsingar um verðlaunin.



6. Í skólum borgarinnar er verið að stofna forvarnarteymi gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Verið er að manna teymið og setja fram fundaáætlun. Í upphafi verður fundað einu sinni í mánuði. Verið er að finna út hvenær teymið getur fundað. Tók aðeins lengri tíma að mynda teymið hjá okkur þar sem við erum að fá nýjan sálfræðing og höfum ekki haft hjúkrunarfræðing síðan í október. En þetta er tilbúið núna.
7. Mygla í skólahúsnæðinu og viðgerðir. Allar tímaáætlanir stóðust vegna framkvæmdanna í nóvember og desember og við fengum húsnæðið aftur til notkunar á milli jóla og nýárs. Í sumar bíða svo stærri viðgerðir á byggingunni utanhúss.
8. Farið var yfir niðurstöður lesfimi. Mat stendur yfir núna og þetta kemur vel út. Í 1. - 4. bekk er verið að vinna eftir aðferðum byrjendalæsis. Það gefur færi á fjölbreyttari nálgun í kennslu, meira nemendalýðræði og er þéttur rammi utan um lestrarkennsluna.
9. Ellen fór yfir niðurstöður skólapúlsins, niðurstöður eru komnar inn á heimasíðu skólans. Erum að bregðast við tölum um einelti sem eru of háar sérstaklega í 6. bekk. Einnig kemur fram óánægja með matinn. Við munum leggja fyrir nemendur 3 stjórnur og eina ósk þar sem þau geta tjáð hug sinn. Við erum búin að vera með mat frá Skólamat allt þetta skólaár vegna forfalla.
10. Lestarsprettur bókasafns 17. – 28. janúar. Áherslur sprettsins í ár voru norrænir höfundur. Nemendur skráðu mínútur í lestri en ekki bækur. Bekkur á yngra stigi og miðstigi sem les mest fær viðurkenningu, spil eða bók.
11. Sumarlokun leikskóla og frístundar. Ellen lagði til að fyrirkomulagið yrði með sama hætti og undanfarin ár og lokað yrði þá frá 6. júlí og opnað aftur 4. ágúst. Skólaráð samþykkir þessa tillögu.
12. Starfsmannasamtöl – snerpusamtöl munu fara fram í febrúar og mars. Ellen og Bára voru með samtöl í teyllum í haust, þá hjá kennurum hvers árgangs og sérkennurum.
13. Önnur mál
  - a. Bjarni spyr um þrif á íþróttahúsinu, þar sem hann er með körfubolta æfingar í húsinu tvisvar í viku. Hann segir að hægt og rólega sé búið að verða verra grip á gólfinu. Bárður ætlar að fara yfir þetta og skoða málið. Bárður segir að undirlagið á fjörðun gólfsins sé ekki rétt. Bjarni segir að boltar dripli t.d. mismunandi eftir stöðum gólfsins.
  - b. Guðrún Lilja spyr um skólabúðir. Það er á áætlun að fara í skólabúðir í ár frá 25. - 29. apríl. Bekkurinn hefur ákveðið að fara í fjáröflun fyrir ferðina. Ferðin er farin með Árbæjar- og Selásskóla. Skólinn sendir 2 - 3 starfsmenn með hópnum og Bjarni bendir á að Tían muni að öllum líkindum senda einn starfsmann með í ferðina.